

INGIMUNDUR ÁRNASON FIMMTUGUR

ERILSAMT verður í dag á Oddeyrargötu 36 á Akureyri. Húsráðandinn þar fæddist á þessum degi fyrir hálfri öld síðan. Og svo er hann þekktur maður og vinsæll, bæði hjer í heimabæ sínum og út um land allt að tæplega verða þeir tölum taldir sem nota vilja tækifærið til þess að árna honum heilla og hamingju á þessum merkisdegi í lífi hans, þó að meiri hlutinn verði fjarlægðar vegna að fela símanum óskir sínar til flutnings, en ná ekki til sjálfir að taka í hendina á honum. Þeirra hlunninda fá aðeins Akureyringar og nærsveitungar notið, og þeir verða margir. Oft er gestkvæmt í Oddeyrargötu 36, en í dag verður þar trúðingur.

Ingimundur Árnason fæddist í Grenivík 7. febrúar 1895. Voru foreldrar hans hjónin síra Árni Jóhannesson, sem þá hjelt Grenivík og Höfða, Árnasonar bónda að Ytra-Álandi í Þistilfirði, og Valgerður Karólína Guðmundsdóttir bónda á Brettingsstöðum, Jónatanssonar. Var heimili þeirra í Grenivík orðlagt menningar- og gestrisnisheimili, fjölmengt og gláð vært. Ingimundur ólst upp í foreldrahúsum, fór skömmu eftir fermingu til náms í Menntaskólanum á Akureyri og lauk þaðan gagnfræðaprófi en hjelt ekki lengra á námsbrautinni. Stóð þó hugur hans til frekari skólagöngu, en kringumstæður leyfðu ekki. Fór hann þá heim aftur og gerðist innan skammt deildarstjóri Kaupfélags Eyfirðinga á Grenivík og gengdi því starfi í nokkur ár. Giftist hann þá Guðrúnu Árnadóttur Eiríkssonar bankagjaldkera á Akureyri, mætri konu. Eiga þau 4 börn uppkomin.

Árið 1922 verða þáttaskifti í lífi Ingimundar og tekst hann þá á hendur það starf, sem aflað hefir honum landsfrægðar og óvenjulegra vinsælda. Um 1920 höfðu nokkrir áhugasamir söngmenn á Akureyri stofnað söngfélag, sem síðar hefir orðið landsþekkt undir nafninu Karalakórinn „Geysir“. Átti þar mestan þátt Þorsteinn sál. Þorsteinson frá Lóni, sá einstaki áhugamaður, er af sumum var síðar kallaður „faðir Geysis“. Söngkraftar voru margir og góðir á Akureyri og fúsir til starfa, en söngstjóra vantaði. Ingimundur Árnason var frá skóládögum sínum allkunnur á Akureyri, bæði sem afburða raddamaður sjálfur og óvenjulega söngmenntaður. Var nú leitað hófanna við hann um að flytja til Akureyrar og gerast söngstjóri félagsins. Ekki er mjer kunnugt um hvort um það var rætt lengur eða skemur, en samningar tókust, til allrar hamingju. Vitanlega gat ekki félag nokkurra áhugamanna boðið hinum nýja söngstjóra sínum önnur kjör en þau, að hafa starfað að ólaunadri aukavinnu og fórna því kvöldstundum að afloknu dagsverki, og stundum nóttunum.



Ingimundur Árnason

líka. Hafði Ingimundur þá aðalvinnu hjá Kaupfélagi Eyfirðinga, og mun þáverandi framkvæmdastjóri þess hjer ekki hafa átt lítinn þátt í því að liðka þannig til, að opna honum stöðu hjer, þó hann hyrfi úr þjónustu félagsins á Grenivík. Hefir Ingimundur starfað hjá KEA óslitið síðan, fyrst sem skrifstofumaður, síðan skrifstofustjóri og nú um nokkur ár sem fulltrúi.

Störf Ingimundar hjá Kaupfélaginu hafa alltaf verið umfangsmikil, og sjerstaklega hin síðustu ár. En hann er starfsmaður mikill, ólátur og afkastaeður. Hefir hann af hinum fjölmenna hópi viðskiftamanna hlotið verðugar vinsældir og álit, enda hlaðist á hann nokkur aukastörf, eins og oft vill verða um menn, sem eiga traust annara og hlífa sjer ekki. En almenastar vinsældir hefir hann hlotið, og viðkunnastur orðið, sem söngstjóri Geysis. Var Geysir fljótt þekktur norðanlands eftir að Ingimundur tók við stjórn, en sunnanlands ljét hann fyrst til sín heyra á Þingvöllum 1930 og á söngmóti því er þá var haldið í sambandi við Alþingishátíðina. Sótti hann einnig söngmót Sambands íslenskra karlakóra 1934 og fór sjálfstæða söngtör til Reykjavíkur 1941. Mun sú koma mörgum Reykvikingum enn í fersku minni, svo glæsilegar viðtökur fjekk Geysir og söngstjóri hans þá.

Ingimundur Árnason er óvenjulega vel gerður maður og fjölhæfur. Vinsælli söngstjóra er vart hægt að hugsa sjer. Allir, sem í söngfélaginu hafa verið, vita hve oft er erfitt að halda þeim saman. Söngstjórnin á sannarlega við margt að berjast. En Ingimundur er gæddur þeirra náðargáfu að ná ekki aðeins virðingu og hlýðni söngmanna heldur einnig ást þeirra og innilegri vináttu. Jeg held að enginn af mönnum hans vilji sitja eða standa öðruvísi en hann álitur að söngstjóranum þyki best fara. Er vonandi að Akureyrarbær og íslensk söngmenning eigi lengi eftir að njóta hans ágætu starfa og áhuga. Hann hefir með ódrepandi elju unnið óborganlegt fórnar- og menningarstarf og mjer vitanlega aldrei litið til annara launa en þeirra, sem vel unnið verk ber í sjálfu

sjer. Þær stundir verða ekki taldar, sem hann hefir á undanförunum 23 árum fórnað söngmálum bæjarins, og aldrei heyrst telja eftir. Jeg heyrði einusinni hinn ágæta mann, Pjetur sál. Halldórsson, borgarstjóra, segja, að hann mundi vera efnaður maður, þó að hann hefði ekki fengið nema 10 ára um tímann fyrir allar þær stundir sem hann hefði eytt á liðinni ævi til söngæfinga. Sama mætti Ingimundur áreiðanlega segja. En þó hann sje ekki audugur maður á veraldarvísu vegna starfa sinna sem söngstjóri, er hann þó flestum ríkari. Og það mun hann finna á þessum degi. Honum hefir safnast það tje, sem mölur og ryð ekki granda, einlægt þakklæti miklu fleira fólks, en nokkur hefir hugmynd um, og vináttu, hlýju og virðingu allra þeirra, sem hann hefir unnið fyrir eða veitt ánægjustundir með starfi sínu. Sá hlýhugur mun gera hjart í kringum hann, ekki aðeins í dag, heldur í allri framtíð. En heilla og hamingjuóskunum sem honum eru sendar í dag víðsvegar að, fylgir ofurlitil eigingirni. — Hún er sú, að Geysir, Akureyrarbær og allir söngelskir Íslendingar megi njóta hans sem lengst.

Friðrik J. Rafnar.



Látið ekki svitalykt trufla ánægju yðar í dansinum. Odorono er örugt gegn svita í 1-3 daga. Þess vegna skemmtist ekki danskjöllinn yðar.

Odorono er eftirlæti kvenna um allan heim. Læknar nota það og mæla með því.

(4-106)

Odorono lögur öruggur
Odorono smyrsl
auðveld í notkun.

REST AÐ AUGLÝSA Í
MORGUNBLAÐINU

Minningarorð um frú Sigríði Blöndal

FRÚ SIGRÍÐUR BLÖNDAL, ekkja Björns Blöndal læknis verður jarðsungen í dag. Hún andaðist í Landakotsspítala 25. jan. Hún var fædd hjer í Reykjavík þ. 16. mars 1865. Voru foreldrar hennar Carsten Möller lögfræðingur og Ingibjörg Einarsdóttir.

Frú Sigríður ólst upp hjá Jónasi H. Jónassen verslunarstjóra í Glasgow og konu hans Kristjönu Zoëga, systur Geirs Zoëga kaupmanns. Hún var ein fríðust kvenna í Reykjavík á sinni tíð, og lifði hjer glaða æsku, sem hún mintist með ánægju á efri árum sínum. Björn var fjölhæfur listamaður að eðlisfari. Þau giftust er hún var 23 ára og settust að tveim árum síðar að Sævarlandi í Þistilfirði. Þjónaði Björn læknishjaraði Þingeyjarsýslu austan Jökulsár fram til aldamóta.

Læknishjaraðið var erfitt, tekjurnar rýrar og húsakynnin á læknisbústaðnum svo ömurleg, sem framast gat verið, torfbær gamall með dimum göngum og stofukytru, sem nota varð fyrir lyfjageymslu. Má nærri geta, að oft hefir reynt á þrek og þolinmæði húsmóðurinnar, sem beið með barnahópinn sinn, þegar læknirinn var lengi fjarverandi í erfiðum ferðalögum um fjöll og heiðar. En frú Sigríður var aldrei fyrir það gefin að mikla fyrir sjer erfiðleikana. Henni var sú list lagin, að hafa jafnan auga á bjartari hliðum tilverunnar.

Um aldamótin varð Björn læknir í Blönduóshjaraði, en fjekk skömmu síðar Hvamms-tanga læknishjarað og fluttu þau hjónin þangað til nokkru betri aðbúðar. Þar, sem eystra, var heimili þeirra rómað fyrir gestrisni, og nutu þau mikilla vinsælda meðal hjaraðsbúa.

Árið 1915 ljét Björn af læknisstörfum vegna vanheilsu. Fluttu þau þá hingað til Reykjavíkur. En síðar settust þau að á Siglufirði og dvöldu þar hjá Sophusi heitnum syni sínum og Ólöfu Hafliðadóttur, konu hans. Þar andaðist Björn árið 1927.

Eftir fráfall Björns var Sigríður heitin hjá dætrum sínum Kristjönu og Sigríði og naut þar hinnar bestu umönnunar, sem frekast varð á kosið, og rækti kunningsskap og vináttu við þá Reykvikinga, sem hún hafði átt samleið með á æsku-árunum. En þeim var vitanlega farið að fækka, þaræð aldurinn var orðinn þetta há. Hana vantaði tæpl. tvo mánuði í átt-rætt.

Af börnum sínum sex hafði frú Sigríður mist tvo syni, Sophus kaupmann á Siglufirði, er andaðist 1936, og Sveinbjörn, er andaðist í Höfn 1918. Hann var þar við læknanam. En á lífi eru bræðurnir Magnús, forstjóri Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði og Gunnlaugur listmálari, og þær systurnar Kristjana verslunareigandi og Sigríður, er hafði aldrei yfirgefið móður sína, fyr en dauðinn skildi þær að.

Frú Sigríður Blöndal var



gæflynnd kona og góðviljuð öllum, sem hún kyntist, vildi sljetta úr öllum misfellum og átti blátt áfram erfitt með að sætta sig við, að eigi ríkti sátt og samlyndi á hverju bygðu bóli manna á milli.

Hún var manni sínum hinn besti fórunautur alla þeirra samvistardaga, og börnum sínum ástríkasta móðir. Hún mun hafa verið ein af þeim gæfusömu manneskjum, sem aldrei eignaðist óvildarmenn, og gerði sjer kannske ekki grein fyrir því til fulls, að í því efni var hún sjálf sinnar gæfu smiður.

V. St.

Frjettir frá Danmörku

Frá danska sendiráðinu: Frjettapjónusta leynistarfsseminnar í Danmörku, „Information“ getur nú haldið sigurhættið vegna þess að þessa dagana hefir hún sent frá sjer 400. frjettabrjefið.

Þessi frjettapjónusta hófst fyrir 1 ári og þremur mánuðum og síðan hefir „Information“ komið út hvern dag.

Stokkhólmsblaðið Dagens Nyheter gerir heimsókn Christmas Möller til borgarinnar enn að umtalsefni. Er komu Christmas Möller þar líkt við komu norsku ráðherrana þangað nokk uru fyr. Blaðið undirstrykar, að það að Christmas Möller sje ekki meðlimur dönsku stjórnarinnar, sem nú er algerlega óvirk, skifti ekki miklu máli. Hann verði óreiðanlega einn af dönsku stjórnarmeðlimunum, þegar að því kæmi.

Þjóðverjar eru nú í höfuðleit að „glæpamönnum“ víðsvegar um Danmörku. Oft hefir komið fyrir, að Þjóðverjar í þessum leiðangrum sínum skytu bæði til hægri og vinstri án þess að hugsa nokkuð um, hvort óviðkomandi borgarar yrðu hæfðir eða ekki.

Hefir þetta orðið nokkurum borgurum að bana.

Fangaskifti enn.

LONDON: — 764 breskir hermenn komu í gær til Liverpool frá Þýskalandi á farþega-skipinu Arundel Castle. Hafði verið skift á þeim og þýskum fögnum. Var hermönnum vel fagnað, er þeir stigu á land. — Fangaskiftin fóru fram á Spáni.